



## 6. stjórnarfundur Almannaheilla

haldinn 7. nóvember 2018 kl.09:00 – 11:00 í Sigtúni 42

**Mætt eru:** Árni Einarsson (ÁE), Erna Reynisdóttir (ER), Guðlaug B. Guðjónsdóttir (GBG), Guðrún Helga Bjarnadóttir (GHB), Hildur Helga Gísladóttir (HHG), Jónas Guðmundsson (JG), Ketill Berg Magnússon (KBM), Ragnheiður Sigurðardóttir (RS) og Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ).

**Forföll boðuðu:** Ásdís Eva Hannesdóttir (ÁEH), Erna Arngrímsdóttir (EA), Steinunn Hrafnisdóttir (SH) og Vilhjálmur Bjarnason (VB).

### 1. Fundur settur kl. 09:00

### 2. Staða málefnaþópa

Formenn hópanna gerðu grein fyrir vinnu hópanna.

### 3. Afmælishátíð Almannaheilla

KBM sagði frá undirbúningi hátíðarinnar sem fram fer 7. nóvember.

### 4. Almannaheill og heimsmarkmiðin

KBM fór yfir samstarfssamning við forsætisráðuneytið um fræðslu við félagasamtök um heimsmarkmiðin. Stjórn samþykkti samninginn. KBM falið að ljúka formsatriðum vegna samstarfsins.

### 5. Sérblað um félagasamtök

KBM sagði frá undirbúningi blaðsins. Stefnt er að útgáfu 15. nóvember.

Greinar fyrir blaðið 300 – 400 orð. RS tók að sér að skrifa um sjálfboðastarf og mikilvægi þess fyrir samfélagið. GBG um kosti markaðsherferða. Stjórn er hvött til þess að senda inn greinar.

### 6. Lýsa lýðræðishátíð

KBM lagði til að mynda 3ja manna hóp til þess að taka næstu skref. Hvar og hvenær næsta hátíð? GBG, HHG og JG buðu sig fram. Samþykkt af stjórn.

### 7. Endurskoðun siðareglna

KBM kynnti málið. Lagði til að KBM, GB og ER vinni áfram að málinu og fái Jón Ólafsson hjá HÍ með í þessa vinnu. Samþykkt af stjórn.

### 8. Önnur mál

Óformlegar umræður stjórnar.

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 5. desember kl. 09:00 í Sigtúni 42.

RS ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 10:20.